

5. mars 1979.

193

Nr. 109.

REGLUGERÐ

um bann við loðnuveiðum við Suðurland.

1. gr.

Frá kl. 12.00 á hádegi 5. mars til kl. 12.00 á hádegi 8. mars 1979, eru allar loðnuveiðar bannaðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi austan 20° v.lgd.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brot-um skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið 5. mars 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.